



Almennur úrskurður

Frá: Dómnefnd í Hreinsitækni Rally Reykjavík 2023

Til: Keppnisstjóra og keppanda nr. 21

Skjal: 14

Dagsetning: 17. ágúst 2023

Klukkan: 18:25

Málavextir

Dómnefnd barst erindi frá Guðmundi Skúlasyni, öikumanni á ökutæki nr. 21, þar sem óskað er eftir heimild til að gera breytingu á áhöfn, þess efnis að Kári Jónsson verði aðstoðarökumaður í stað Hönnu Rúnar Ragnarsdóttur.

Í Keppnisgreinarreglum fyrir rally er fjallað um keppendur og ökumenn í grein 2.1, og er hún í heild sinni eftirfarandi:

GREIN 2.1 KEPPENDUR OG ÖKUMENN	
2.1.1	Eftir lok skráningarfrests er keppanda heimilt að gera breytingar á skráningu:
2.1.1.a	fram að skoðun, breyta um annan ökumann áhafnar með leyfi framkvæmdanefndar;
2.1.1.b	eftir skoðun og fram að ræsingu, breyta um annan ökumann áhafnar með leyfi dómnefndar.
2.1.2	Ekki er heimilt að skipta um báða ökumenn áhafnar eftir lok skráningarfrests.

Í sömu reglum segir í grein 3.2.1, í kafla sem fjallar um áhafnir: „Áhöfn samanstendur af öikumanni og aðstoðarökumanni“.

Með upplýsingaskýrslu nr. 11, birtri á upplýsingatöflu keppinnar 16. ágúst kl. 19.09, tilkynnir keppnisstjóri að breyting hafi verið gerð á áhöfn #21. Þar er Guðmundur Skúlason tilkynntur sem ökumaður í stað Vikars Karls Sigurjónssonar. Samkvæmt því hefur grein 2.1.1.a í Keppnisgreinarreglum fyrir rally verið beitt til að gera breytingu á umræddri áhöfn eftir lok skráningarfrests.

Samkvæmt grein 2.1.2 í Keppnisgreinareglum fyrir rally er ekki heimilt að skipta um báða ökumenn áhafnar.

Úrskurður

Ekki er heimilt að skipta um aðstoðarökumann í áhöfn ökutækis nr. 21 þar sem þegar hefur verið skipt um ökumann í umræddri áhöfn eftir lok skráningarfrests.

Keppendum er bent á rétt sinn til að áfrýja ákvörðunum dómnefndar samkvæmt grein 15 í reglubókinni.

Aðalsteinn Símonarson
Formaður dómnefndar

Malín Brand
Dómnefndarmaður

Þórður Bragason
Dómnefndarmaður